

18. Leikbrúður segja söguna

... en þú lætur hana enda vell!

Málefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	120 mínútur
Hópstærð	8–24 börn
Tegund verkefnis	Saga færð í leikgerð með brúðum, umræður
Yfirlit	Börnin setja upp brúðuleikhús sem byggt er á þekktri sögu þar sem mannréttindi eru brotin; þau búa til ný sögulok þar sem brugðist er við brotinu
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að bera kennsl á mannréttindamál í þekktum sögum• Að æfa sig í að finna lausnir þegar mannréttindabrot eiga sér stað• Að skemmta sér og vinna saman
Undirbúningur	Búðu til leikbrúðu til að nota sem fyrirmynd
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• Leikbrúður eða efniviður til að búa til leikbrúður• Brúðuleikhús eða efni til að búa til leiksvið



Leiðbeiningar

1. Vektu áhuga barnanna með því að biðja þau að rifja upp sögupersónur sem þau vita að hafa verið beittar óréttlæti eða orðið fyrir ósannngirni. Gerðu þeim ljóst að þessar persónur og sögur eru oft svólítið ýkt útgáfa af því sem gerist við raunverulegar aðstæður. Bentu þeim á söguefni, t.d. þjóðsögu eða ævintýri, kafla í barnabók eða efni úr fjölmiðlum, svo sem sjónvarpi eða bíómyndum.
2. Þegar börnin eru búin að setja fram nokkrar tillögur skaltu skipta þeim í þriggja til fjögurra manna hópa. Segðu þeim að hver og einn í hverjum hópi eigi að stinga upp á sögu sem hann þekkir og segja hinum hana ef þau þekkjá hana ekki. Fáðu börnin til að segja hvaða réttindi voru brotin að hverri sögu lokinni.
3. Þegar börnin eru búin að segja hvert öðru sögunar skaltu biðja þau að velja eina sögu og setja hana upp í brúðuleikhúsi fyrir allan hópinn. Segðu þeim að þau hafi þrjátíu mínútur til að búa til leikbrúðurnar og æfa uppsetninguna. Hvert barn í hópnum á að leika minnst eitt hlutverk í sýningunni. Sýndu þeim hvernig búa má til leikbrúður, þú ræður hvaða aðferð þú notar.
4. Þjóddu síðan hópnum, hverjum á fætur öðrum, að sýna atriðið sitt. Þegar þar kemur sögu að mannréttindi eru brotin skalt þú eða þeir sem kynna söguna hrópa „stopp!“ Þá er tekið hlé og börnin ræða um eftirfarandi atriði:
 - a. Hvaða mannréttindi er verið að brjóta?
 - b. Hvernig getum við breytt framvindunni og brugðist við brotinu þannig að viðkomandi persónur njóti verndar?
5. Segðu sýningarhópnum að spinna sögulokin út frá einni eða fleiri tillögum sem fram koma í umræðunum.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með því að spyrja hvern hóp spurninga á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvað finnst ykkur um leikritið ykkar?
 - b. Hvernig stóð hópurinn að því að velja þessa sögu til sýningar?



- c. Hvernig vann hópurinn saman sem teymi?
 - d. Hvaða aðferð beittuð þið við að velja sögu? Raða í hlutverk?
 - e. Hvernig leið ykkur á meðan þið voruð að leika?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Hafið þið einhvern tímann orðið vitni að eða upplifað aðstæður eins og þær sem fjallað var um í sýningunni?
 - b. Hvernig tengjast þessar aðstæður mannréttindum? Voru einhver réttindi brotin? Voru einhver réttindi vernduð?
 - c. Var fundin lausn á brotinu í sýningunni? Hvernig? Var hægt að leysa vandann á einhvern annan hátt?
 - d. Hvernig gætuð þið tekið á slíku vandamáli í raunveruleikanum?

Tillögur um framhald

Sögurnar, og þó einkum leitin að lausnunum, kunna að vekja spurningar um mannréttindi sem börnin þurfa að fá meiri upplýsingar um. Aðstoðaðu þau við að leita svara við spurningum sínum, einkum í Barnasáttmálanum. Fáðu ef til vill fyrirlesara frá viðkomandi samtökum til að fjalla um starf sitt og segja hvernig börnin geti komið til aðstoðar.

Hugmyndir um aðgerðir

Setjið sýningarnar upp fyrir önnur börn, foreldra eða aðra aðila í samfélaginu. Segið börnunum að skýra fyrir áhorfendum hvernig leikritin tengjast mannréttindum og hvaða réttindi eru brotin.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Fremur skal fjalla um tiltekið vandamál eða efni sem hópurinn er að fást við (t.d. einelti, kynjameríti eða andlegt ofbeldi) en almenna hluti.
- Kennarinn/leiðbeinandinn verður að þekkja til þeirra mannréttindamála sem koma við sögu til að geta hjálpað börnunum að finna samhengið milli sögunnar og mannréttinda.
- Leiðbeinandinn skal ekki skipta sér af hópvinunni nema börnin eigi erfitt með að búa til leikrit upp úr sögunni.
- Yngstu börnin kunna að þurfa að hjálpa að halda við að finna viðeigandi lausnir. Þegar nokkrar lausnir koma til greina þarf ef til vill að hjálpa börnunum að ákveða hver þeirra skuli valin. Aðstoðaðu þau við að meta kosti og galla hvernar og einnar og sýndu þeim ef til vill nokkrar leiðir til að slá botninn í atriðið sitt.
- Velji börnin langt verk, svo sem skáldsögu eða bíómynd, skaltu hjálpa þeim að velja sér eitt afmarkað atriði.
- Þetta verkefni getur hæglega tekið tvo eða þrjá daga.
- Ef þú átt ekki brúðuleikhús skaltu nota stórt teppi sem börnin geta setið bak við þegar þau stýra brúðunum sínum.
- Leikbrúður má búa til á ýmsan hátt; nota má venjulegar brúður, dúkkur eða „aksjónkarla“; troða út sokka og skreyta; klippa út pappírskákkur og festa á prik; teikna á hólka innan úr eldhúsrúllum eða pappamál. Ekki eyða of miklum tíma í brúðugerðina. Leikritið skiptir meira máli.
- Tillögur um sígild barnaverk: Öskubuska, Pétur Pan, Hans og Gréta, Bangsarnir þrír, Rauðhetta og Ljóti andarunginn.
- Tillögur um sögur úr öðrum verkefnum bókarinnar: „Kæra dagbók“, bls. 115, „Ævintýri úr nútímanum“, bls. 200, „Einu sinni var ...“, bls. 78, og „Zabderfilíó“, bls. 194.



Tilbrigði

- Meðal eldri barnanna skaltu leggja til að þau búi til sögur um hluti sem þau þekkja af eigin raun, eða vandamál sem hópurinn hefur glímt við, t.d. einelti, mismunun, ofbeldi eða ágreining.
- Segðu börnunum að breyta einhverjum atriðum í kunnuglegum frásögnum; láta t.d. úlfinn í „Rauðhettu“ vera fórnarlamb illmælgis, eða víxla kynhlutverkum eins og í verkefninu „Einu sinni var ...“; bls. 78).

Nánari upplýsingar

Þetta verkefni er einnig hægt að gera heima með fjölskyldunni.

